

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Álfheiði Ingadóttur
um bættu heilbrigðisþjónustu við ungt fólk.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis nr. 27/140 um bættu heilbrigðisþjónustu og heilbrigði ungs fólks?

Ekki hefur verið skipaður sérstakur starfshópur til að vinna að bættri heilbrigðisþjónustu og heilbrigði ungs fólks á aldrinum 14–23 ára. Það sem laut sérstaklega að stofnun unglíngamóttöku fyrir ungt fólk á aldrinum 14–23 ára þar sem heilbrigðisþjónusta yrði sniðin að þörfum þess var sett inn í tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020 á vorþingi 2013. Var ætlunin að vinna að framkvæmd þeirrar aðgerðar ásamt öðrum sem settar voru fram í áætluninni. Þingsályktunartillagan fékk ekki afgreiðslu á Alþingi.

Nú er unnið að endurskoðun þingsályktunartillögu heilbrigðisráðherra um heilbrigðisáætlun í velferðarráðuneytinu. Þegar niðurstaða Alþingis liggur síðan fyrir verður unnið að framgangi þeirra hugmynda sem þar koma fram.

